

Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitastjórnarfundi nr. 248
dags: 15. ágúst 2024



A photograph of a field of purple lupines in bloom. In the foreground, there is a wooden log and a structure made of wire mesh. The background shows a green field and a blue sky.

Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 663 íbúar mv.
2. ágúst sl. hefur fækkað um 3 frá því í
byrjun júní.

Sveitarstjórn tók frí frá fundarhöldum í júlí
en byggðarráð hefur fundað í þrígang í
sumar. Á meðan sveitarstjórn er í
sumarleyfi fer byggðarráð með sömu
heimildir og sveitarstjórn hefur ella sbr. 32.
grein samþykktar um stjórn
sveitarfélagsins Dalabyggðar nr. 391/2018
með síðari breytingum samanber bókun á
fundi sveitarstjórnar þann 11. júní sl.



Starfsemi Auðarskóla er að fara á fullt núna, leikskólinn opnaði í síðustu viku eftir sumarfrí og grunnskólinn verður settur föstudaginn 23. ágúst. Eins og staðan er nú verða það 95 börn sem verða hjá okkur í leik- og grunnskóla, 23 í leikskóla og 72 í grunnskóla. Af þessum 95 börnum munu 51 barn koma með skólabíl í skólann, 9 leikskólabörn og 42 grunnskólabörn.

Gengið hefur verið frá undirritun samninga við verktaka vegna skólaaksturs grunnskólabarna og eru það tveir verktakar sem sjá um aksturinn á þeim 7 leiðum sem um ræðir, annarsvegar er það BS þjónusta ehf. og hins vegar Kólur ehf.



Unnið hefur verið við viðhald á skólabyggingu í sumar, skólinn hefur verið málaður og unnið er að frágangi á framkvæmdum við anddyri skólans. Allt hefur þetta í för með sér verulega andlitslyftingu fyrir mannvirkið allt og hefur vonandi í för með sér góða umgengni um skólann.



-
- Glæsileg hátíðarhöld voru haldin þann 17. júní hér í Dalabyggð, bæði í tilefni 80 ára lýðveldisins okkar sem og vegna 30 ára afmælis Dalabyggðar. Við það tilefni var Dalamaður ársins útnefndur og var það Guðrún B. Blöndal, Rúna á Valpúfu, sem fékk þá útnefningu verðskuldað. Jafnframt var kynnt niðurstaða í samkeppni um aðkomutákn inn í Búðardal og er það Svavar Garðarsson sem á hugmyndina að verðlaunatákninu og stefnt er að því að koma því upp í innkomuna sunnan megin við Búðardal seinna á þessu ári ef vel gengur.



Starfsmenn frá Römpum upp Ísland voru við störf í Búðardal upp úr miðjum júní við uppsetningu rampa. Settir voru upp þrjár rampar, tveir við leikskóla Auðarskóla og einn við Vínlandssetrið. Átakið „Römpum upp Ísland“ stefnir að því að byggja 1.500 rampa í þágu hreyfihamlaða fyrir miðjan mars 2025. Það er einstaklega ánægjulegt að Dalabyggð fái að vera með í átakinu og vonandi að þessi áfangi verði hvatning til að huga áfram að betra aðgengi fyrir alla, um allt hérað. Þau skref sem voru tekin hér í júní verða til þess að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að leikskólanum, hvort sem um nemendur, foreldra eða aðra ættingja er að ræða sem og aðgengi ferðamanna að sögusýningu og þjónustu í Vínlandssetrinu. Við færum starfsfólki Römpum upp Ísland kærar þakkir fyrir góða samvinnu og fagleg vinnubrögð. Kolur ehf. gaf flutning á hellunum vestur og Steypustöðin – námur ehf. lagði til hellusand og er þeim fyrirtækjum þakkað fyrir sitt framlag til verkefnisins.



- Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga kom í heimsókn hingað í Búðardal þann 27. júní sl. og fundaði með byggðarráði. Til umfjöllunar var fyrst og fremst sú stóra framkvæmd sem Dalabyggð hefur nú ráðist í sem er bygging íþróttamannvirkja og mun Lánasjóður sveitarfélaga fjármagna verkið til lengri tíma. Rétt er að þakka stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir heimsóknina til okkar í Dalina og það góða samtal sem átti sér stað um verkefnið sem og annað sem bar á góma.
- Framkvæmdir við íþróttamannvirkin eru komnar á skrið. Lóðin var girt af fyrir júlilok og byrjað var að moka eftir verslunarmannahelgi þannig að allt er á áætlun og er stefnt að því að steypa plötu og þ.h. fyrir veturinn.



Dalabyggð - hástökkvari ársins! Niðurstöður úr íbúakönnun landshlutanna

- Föstudaginn 28. júní sl. kom dr. Vífill Karlsson og kynnti niðurstöðu íbúakönnunar landshlutanna fyrir gestum á Nýsköpunarsetrinu. Áður hefur verið kynnt sú niðurstaða sem Dalabyggð fékk út úr þeirri könnun en gott var að ná samtali við Vífil um könnunina og þá sérstaklega þá þætti þar sem Dalabyggð getur bætt sig.

Sfræðsla með Vífli Karlssyni
Nýsköpunarsetri Dalabyggðar



- Fyrsta helgin í júlí var viðburðarík hér í Dalabyggð. Eldhátíð var haldin á Eiríksstöðum og bæjarhátíðin Heim í Búðardal hér í Búðardal. Fjöldi fólks tók þátt í viðburðunum og fjöldi gesta lagði leið sína til okkar hér í Dölunum. Vil ég hér þakka öllum þeim sem að komu undirbúningi og framkvæmd þessara hátíða fyrir allt þeirra góða framlag, svona gerist ekki af sjálfu sér og ber að þakka fyrir frumkvæði og kraft þeirra sem að komu.
- Sturluhátíð var haldinn laugardaginn 13. júlí og var hún afar vel sótt þrátt fyrir leiðindaveður sem gekk yfir þá helgina hér í Dölunum eins og víðar á Vesturlandi. Ástæða er til að þakka öllum þeim sem að þeirri mögnuðu hátíð standa fyrir trygglyndi og afar góða framkvæmd ár eftir ár.
- Vinnuskólinn lauk störfum þetta sumarið þann 19. júlí sl. og er rétt að þakka ungmennunum okkar og verkstjórum fyrir vel unnin störf í sumar, það er dýrmætt að fá ungmennin til starfa til að aðstoða okkur við að halda umhverfinu snyrtilegu.



-
- Föstudaginn 26. júlí sl. var undirritaður samningur á milli Dalabyggðar, Skógræktarfélags Dalasýslu og Skógræktarfélag Íslands um uppbyggingu í og við Brekkuskóg í Búðardal. Markmið samningsins er að stuðla að landvernd og tryggja íbúum Dalabyggðar og gestum svæði til útivistar um ókomna framtíð. Um er að ræða svæði norðvestan við Búðardal, sem nú nefnist Brekkuskógur og var gróðursettur kringum 1990, upphaflega samkvæmt samningi milli Laxárdalshrepps og Skógræktarfélags Dalasýslu, en sá samningur er nú útrunninn. Með það að leiðarljósi hafa aðilar samnings þessa ákveðið að stuðla að frekari uppbyggingu og aðstöðu fyrir almenning í Brekkuskógi og frekari ræktun svæðisins þar sem þess þarf með undir hatti Landgræðsluskóga. Horft verði til þess að a.m.k. hluti þeirra göngustíga sem lagðir verða í Brekkuskógi verði greiðfærir sem flestum, þ.m.t. einstaklingum sem búa á Silfurtúni í Búðardal og tengist einnig öðrum göngustígum í næsta nágrenni.



-
- Pósthlaupið í Dölum fór fram í þriðja sinn laugardaginn 27. júlí sl. Metþátttaka var og voru þátttakendur sem lögðu af stað í öllum vegalengdum rúmlega 120 auk þeirra sem hlupu í skemmtiskokki, Póststubbi, sem hlaupin var innan Búðardal sem voru rúmlega 40. Keppendur og framkvæmdaraðilar voru himinsælir að hlaupi loknu og vonandi að framhald verði á Pósthlaupinu hér í Búðardal þó pósthúsinu hafi því miður verið lokað hér fyrir í sumar.




-
- Dalabyggð samdi við málmendurvinnslufyrirtækið Furu ehf. um söfnun brotajárns og fleiri úrgangsflokka sumarið 2024. Söfnunin fór fram í kringum mánaðarmótin júní/júlí. Söfnunarátakið kom í stað málmgáma sem hafa verið aðgengilegir viku í senn víðsvegar um sveitarfélagið á sumrin undanfarið. Skemmst er frá því að segja að þetta breytta fyrirkomulag snar virkaði ef svo má segja og safnaðist rúmlega fjórfaldur magn miðað við fyrri ár.



- Fulltrúar UDN gerðu góða ferð á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi um verzlunarmannahelgina. Fulltrúar okkar vöktu athygli fyrir góða framgöngu og kurteisi og fengu afhentan við mótsslit Fyrirmyndarbikar UMFÍ. Bikarinn er afhentur í lok hvers Unglingalandsmóts UMFÍ til héraðssambands eða íþróttabandalags sem hefur sýnt fyrirmyndarframkomu innan sem utan keppni á mótinu og var það okkar fólk sem varð fyrir valinu nú. Til hamingju UDN !



- 
- A woman with blonde hair, wearing a grey and white patterned sweater and black pants, stands in a grassy field. In the background, a river flows through a valley, with a waterfall cascading down a rocky cliff on the left. The surrounding hills are covered in green moss and grass. The image is semi-transparent, allowing the text to be overlaid on it.
- Ég vil hér í skýrslu minni vekja athygli á og þakka fyrir það skemmtilega samstarfsverkefni sem Sauðfjársetrið á Ströndum, Byggðasafn Dalamanna og Héraðsskjalasafn Dalasýslu standa saman að sem ber heitið Sögurölt. Þau Valdís Einarsdóttir safnvörður okkar hér í Dalabyggð ásamt Jóni Jónssyni á Ströndum eru forsprakar þessa skemmtilega verkefnis. Sjöunda sögurölt safnanna verður einmitt í kvöld, fimmtudaginn 15. ágúst kl. 19 þar sem gengið verður að Fagradalstungu.

- Þriðjudagskvöldið 13. ágúst sl. kynntu fulltrúar fyrirtækisins Qair á íbúafundi hér í Búðardal umhverfismatsskýrslu sem unnin hefur verið vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar vindorkugarðs hér í Dalabyggð. Fundurinn var ágætlega sóttur og umræður yfirvegaðar og góðar spurningar og vangaveltur settar fram og mikið velt fyrir sér áhrifum framkvæmdar af þessari stærðargráðu á innviði hér í Dölum og umhverfið allt, þ.m.t. á nágretta okkar í Húnaþingi vestra. Að mínu mati á að óbreyttu nokkuð vatn eftir að renna til sjávar áður en til kasta sveitarfélagsins kemur hvað varðar afstöðu til framkvæmda og áhrifa þeirra. Boltinn er hjá ríkisvaldinu sem þarf að skýra línur hvað varðar regluverkið allt í kringum vindorku og eins þarf að veða og meta áhrif svona og/eða viðlíka starfsemi á tekjumódel sveitarfélaga til lengri tíma. Skammtímaáhrif eru nokkuð skýr en langtímaáhrif þarf að vera hægt að meta að mínu mati til þess að umræðan verði byggð á meiri dýpt hvað þekkingu varðar á áhrif á tekjugrunnsins.



- Míla vinnur nú við lagningu ljósleiðara í hluta Búðardals þessa dagana. Er það hluti af því samkomulagi sem varð til er Míla keypti ljósleiðarkerfi Dalaveitna fyrr á árinu. Stefnt er að því að Búðardalur verði orðinn ljósleiðaravæddur í síðasta lagi næsta sumar, sumarið 2025, en rétt er að geta þess að umræður hafa átt sér stað undanfarna daga um hvort flötur sé á því að ljúka verkinu öllu á þessu ári, árinu 2024. Míla mun svara beiðni minni um það á næstu dögum



- Hér fyrr á fundinum tók sveitarstjórn til umræðu og afgreiðslu skýrslur atvinnuálanefndar vegna tveggja mikilvægra innviðapátta, vegamál og fjarskiptamál. Það er engum blöðum um það að fletta að þessir tveir mikilvægu innviðir standa afar höllum fæti hér í Dölum og munu báðar þessar skýrslur verða okkur dýrmætt veganesti í áframhaldandi baráttu okkar fyrir úrbótum. Undirritaður hefur ritað greinar í fjölmiðla og átt í samskiptum við ýmsa aðila varðandi vegamál og er og verður ekkert lát á þeim samskiptum fyrr en árangur næst. Ástandið hér í Dölum er a.m.k. orðið þekkt en það dugar ekki því við þurfum aðgerðir og því mikilvægt að við séum áfram öll sem eitt tilbúin til að tala máli okkar út á við og við þá aðila sem stjórna áherslum og útdelingu fjármuna í málaflokknum.





Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

- BBÞ – 15/08/2024